

Leiðbeiningar
Minjastofnun Íslands

7

Beðasléttur
Viðhald og varðveisla fornleifa

Henny Hafsteinsdóttir
2025



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Höfundur:

Henny Hafsteinsdóttir

© 2025

Minjastofnun Íslands

Ljósmynd á forsiðu:

Bændaskólinn á Hvanneyri um 1937. Beðasléttur í brekku og áveituvatn fremst á myndinni. Ljósmynd. Ólafur Magnússon.

Öll réttindi áskilin

ISSN

978-9935-9766-3-5

Ásýnd beðasléttna í landslaginu minnir á ávalar öldur og helst má greina þær á tünnum eftir nýfallin snjó, léttan skafrenning eða við ljósaskipti sem dregur fram ávalt yfirborð túnsins.

Minjastofnun Ísland

Suðurgata 39

101 Reykjavík

Iceland

(354) 570 13 00

Yfirlestur:

Bjarni Guðmundsson fyrrv. prófessor emeritus við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri

postur@minjastofnun.is

www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
2.	Beðasléttur.....	4
2.1	Aðferð við gerð beðasléttna.....	4
2.2	Áskoranir	5
3.	Viðhald og varðveisla	6
4.	Heimildir	8

1. Inngangur

Beðasléttur eða beðatún eru hluti af menningarlandslagi fyrri tíðar. Þessar minjar eru sýnishorn inn í fornar ræktunaraðferðir sem kynntar voru hér á landi um miðja 19. öld þegar námsmenn sneru aftur heim með nýja verkþekkingu í farteskinu, aðferð sem ætluð var til að efla og auðvelda fóðurframleiðslu. Um er að ræða mjög stutt tímabil í sögu túnræktar sem rennur sitt skeið með aukinni vélvæðingu um 1920. Markmið með beðasléttum var að fá slétt land til heyskapar og hindra að vatn sæti uppi á landinu en það getur valdið vetrarkali túngróðursins.



Mynd 1. Beðasléttur Gunnlaugs í Viðinesi í Hjaltadal, sem talin er vera frá því um 1900. Ljósmynd. Hjalti Pálsson 1980.

Að undanförunu hefur Minjastofnun Íslands fengið ábendingar um að erfitt geti verið að viðhalda beðasléttum svo vel megi við una. Af þessu tilefni hefur Minjastofnun ráðist í útgáfu á leiðbeiningariti um viðhald og varðveislu á þessum tegundum minja sem margar hverjar eru skilgreindar sem friðaðar fornleifar.¹ Við gerð þessara leiðbeininga hefur stofnunin leitað til fagaðila með sérþekkingu á þessu sviði. Ljóst er að fara má ýmsar leiðir sem eru misumfangsmiklar, tímafrekar og kostnaðarsamar þegar kemur að viðhaldi og varðveislu þessara minja. Mikilvægast er þó að sá sem sér um sláttinn kunnir til verka og hafi tilfinningu og næmni fyrir lögun túnsins.

Sú leið sem Minjastofnun kysir að mæla með, er sett hér fram með hliðsjón af því hvað sanngjarnt geti talist að farið sé fram á við eigendur og ábúendur jarða, sem þurfa að hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra.²

¹ Sjá 3. mgr. 3. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar


² Sjá 2. mgr. 21. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar

2. Beðasléttur

Í gagnagrunni Minjastofnunar eru skráðar um það bil 60 beðasléttur, en vel má vera að þær séu að finna á fleiri stöðum sem ekki hafa verið skráðir. Fyrstu lýsingar á beðasléttugerð eru sennilega frá árinu 1874³. Ásýnd þessara minja svipar mjög til annarra gerða minja, akurgerða, en þær eru mun eldri, eða frá miðöldum.

2.1 Aðferð við gerð beðasléttna

Grasvörðurinn var ristur ofan af jarðveginum, oftast með undirristuspaða og kastað til hvorrar hliðar. Jarðvegurinn á milli þeirra var plægður eða stunginn og borið í hann lífrænn áburður. Ávalir teigar voru mótaðir með rennum á milli og fyrir endanum á teigunum. Rennurnar tóku á móti vatninu sem kom af teigunum og veittu því burtu. Lengd, breidd og hæð teiga var mismunandi og fór þá helst eftir veðurfari svæðisins og hversu raklend jörðin var. Breidd teiganna var þó sjaldan meiri en svo að auðvelt væri að bera eða kasta torfþökunum til hvorrar hliðar. Teigar voru oftast látnir stefna undan halla landsins og þeir voru gjarnan nokkrir saman í syrpum/sléttu, sjá mynd 3. Við jarðvinnsluna var yfirborð beðsins mótað ávalt/bungulaga og torfunum, sem ristar höfðu verið ofan af landinu, raðað yfir teiginn/beðið að nýju.⁴



Mynd 2. Meðallengd teiga er oftast milli 25-33 metrar, meðalbreidd þeirra á bilinu 6,6-8,3 metrar og meðalhæð um það bil 31-63 cm.



Mynd 3. Loftmynd, Kúvíkur á Ströndum við suðurströnd Reykjafjarðar. Teigar liggja saman í nokkrum syrpum. Þeir raðast í mismunandi áttir eftir legu landsins og stefna undan halla í landinu.

³ Guðmundur Ólafsson: Andvari, I 1874. *Um þúfnasléttun*, bls. 139-164.

⁴ Sjá nánar í bókinni *Yrkja vildi eg jörð – íslenskir jarðræktarhættir* eftir Bjarni Guðmundsson.

2.2 Áskoranir

Eins og fram hefur komið getur verið erfitt að viðhalda beðasléttum svo vel megi við una. Svo virðist sem ökumenn sláttutækja hafi ekki alltaf þá þekkingu sem þarf til að beita sláttutækjum rétt og eru dæmi um að sláttuvélin risti svörð niður í teigana eða skilji eftir óslegna mön í rennunum á milli þeirra, sjá mynd 4.



Mynd 4. Hér má sjá hvernig búið er að rista ofan af beðasléttu/teig og ekki hefur tekist að slá nægilega vel ofan í rennu á milli teiga.



Mynd 5. Loftmynd af sama túni. Greina má hjólför eftir sláttutæki sem fer þvert á teigana (frá hægri til vinstri á mynd) og hefur rist ofan af þeim og skilið gras eftir í rennunum.

3. Viðhald og varðveisla beðasléttna

Þegar fornleifum er vel viðhaldið eykur það varðveislugildi og skilning samfélagsins á hlutverki þeirra og því sögulega samhengi sem fornleifarnar eru hluti af. Þegar rétt er staðið að viðhaldi fornleifa verða þær oftast sýnilegri í nærumhverfi sínu og minni líkur eru á því að þær verði fyrir raski af vangá. Eins og fram hefur komið er hægt að velja misumfangsmiklar aðferðir þegar kemur að viðhaldi beðasléttna.

Æskilegasta leiðin og sú sem verndar minjarnar hvað best, er að nota sama handverk og verkfæri og notuð voru upphaflega. Hægt er að nálgast upplýsingar um þær aðferðir hjá Landbúnaðarsafni Íslands á Hvanneyri.

Önnur góð leið er að beita túnin. Hægt er að ná sérstaklega fallegu og einsleitu yfirborði ef hrossum er beitt á túnin, en þá skal fylgjast vel með jarðvegi og stöðva beitina áður en rof taka að myndast í grasvörðinn.

Ef hvorug þessara leiða er fær, mælir Minjastofnun með eftirfarandi leið:


Nota skal ruddasláttutæki og/eða garðsláttutæki/smátraktor sem hefur stutta vinnslubreidd, helst 1 meter og ekki breiðari en hálfur teigur (efsti punktur af bingu í neðsta punkt rennu). Afar mikilvægt er að sá sem stýrir sláttutækinu valdi henni og skilji gerð beðasléttna, tilgang verksins og hafi tilfinningu og næmni fyrir lögun túnsins.

Aðferð:

- Afmarka skal reitinn eða syrþuna með 1-2 metra varðbelti sem einnig er slegið og hreinsað.
- Í byrjun sumars (lok maí, byrjun júní) er upplagt að fara með sláttutæki, annað hvort rudda – eða garðsláttutæki yfir svæðið til að “for-hreinsa” það og fjarlægja sinu. Þetta gerir að grasið vex jafnar og sláttur síðar á sumri verður auðveldari. Best er að vinna verkið þegar þurrkur hefur staðið í nokkra daga. Síðan má slá á svo sem mánaðar fresti eða sjaldnar eftir aðstæðum.
- Slá skal beðin, þráðbeint **langs** eftir teigunum og skárunum skipt yfir miðri rennu á milli teiganna. Það fer svo eftir breidd teiganna hversu margar ferðir þarf að fara fyrir hvern teig. Sjá myndir nr. 6 og 7.
- Ef teigar eru lágir eða skorið hefur verið ofan af þeim mætti móta þá aftur með því að raka grasinu/heyinu upp úr rennunum. Þannig verða þær gleggri og minjarnar njóta sín betur.



Mynd 6. Loftmynd, Ólafsdalur við Gilsfjörð. Ljósmynd. Birna Lárusdóttir fornleifafræðingur. Slá skal þáðbeint langs eftir teigunum, snúa við á enda og slá hina hliðina.



Mynd 7. Skýringamynd. Eftir því sem teigurinn er breiðari gæti þurft að fara fleiri ferðir.

4. Heimildir

Bjarni Guðmundsson (2000). *Yrkja vildi eg jörð – íslenskir jarðræktarhættir*.
Hið íslenska bókmenntafélag, bls. 105-165.

Bjarni Guðmundsson (2004). *Beðasléttur – brot af búsetulandslagi*. Freyr, 5.
Tbl. 2004, bls. 4-5.

Guðmundur Ólafsson (1874). *Um þúfnasléttun*. Andvari, 1. Tbl. 1874, bls. 139-
164.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012